



Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

NÁSS1GB05
Náms- og starfsfræðsla:
Áhugasvið, nám og störf

Kennari:	Bjarney Sif Ægisdóttir Tómas Davíð Ibsen Tómasson	Sk.st.	BSÆ TDT
-----------------	--	---------------	--------------------------

Áfangalýsing:

Markmið áfanga er að nemendur kynnist starfaheiminum og fjölbreytum námsleiðum innan skólakerfisins. Nemendur kynnast kenningu John Holland um áhugasvið og velta fyrir sér og rýna í eigið áhugasvið. Út frá áhugasviði hvers og eins skoða nemendur hvaða störf tengjast sviðinu og kynna sér þau nánar. Nemendur skoða námsmöguleika eftir nám á grunnmenntabréfum, bæði innan FSu og utan. Nemendur kynnast starfsumsóknarferli og æfa sig í að sækja um starf út frá atvinnuauglýsingu og fá um leið fræðslu um atvinnuviðtöl.

Undanfari: Enginn

Pekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér pekkingar og skilnings á:

Mikilvægi þess að tengja áhugasvið við náms- og starfsval.

Fjölbreyttum námstækifærum, innlendis sem og erlendis.

Hvar megi afla upplýsingar um nám og störf, innlendis sem erlendis.

Fjölbreytileika starfaheimsins.

Tengingu skólakerfisins við atvinnulífið.

Starfsumsóknarferlum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að afla sér upplýsinga um nám og störf.

Að greina náms- og starfsmöguleika út frá áhugasviði.

Að sækja um vinnu eftir atvinnuauglýsingu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Geta aflað sér upplýsingar um námstilboð á öruggan hátt, með tilliti til gæði upplýsinga.

Að tengja saman námsmöguleika við framtíðar-atvinnutækifæri.

Átta sig á eigin áhugasviði, náms- og starfsmöguleikum út frá því.

Geta gert áætlun um næstu skref á eigin náms- og starfsferli.

Geta sótt um atvinnu á faglegan máta.

Námsefni:

Glærur og efni á INNU, ljósrit, efni af Internetinu og fleira sem sett verður undir efni á Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Verkefni
8.-12. janúar	Kynning á efni og fyrirkomulagi áfangans. Sjálfsskoðun – Gildi.	Verkefni í rafrænu kennslubókinni „margt er um að velja“ Verkefni um gildi
15.-19. janúar	Áhugasvið	
22.-26. janúar	Áhugasvið	Verkefni um áhugasvið
29. jan-2. feb.	Upplýsingaveitir um nám og störf	
5.-9. febrúar	Upplýsingaveitir um nám og störf	Verkefni um upplýsingaveitir
12.-16. febrúar	Verkefni um starf	
21.-23. feb	Verkefni um starf (Vetrarfrí 19. og 20. feb)	Skila verkefni um starf
26.-28. Feb	Námsleiðir að loknu námi á Grunnmenntabrú (Kátir dagar 28 og 29. feb og Flóafár 1. mars)	Skila verkefni um nám að lokinni GRB
4.-8. mars	Val fyrir næstu önn (Áfangamessa 7. mars og miðannarmat 8. mars)	
11.-15.. mars	Staðalmyndir starfa	
18.-22. mars	Staðalmyndir starfa	Verkefni um staðalmyndir starfa

25.mars- 1. apríl	PÁSKAFRÍ	
2.-5. apríl	Atvinnulíf, vinna og samfélag	Verkefni í rafrænu bókinni „Margt er um að velja“
8.-12. apríl	Starfsumsóknir, umsóknarvefir og æfing í að sækja um vinnu.	Skila æfingu í starfsumsókn eftir atvinnuauglýsingu
15.-19. apríl	Atvinnuviðtal	Æfing í atvinnuviðtali
22.-26. Apríl (frí 25. apríl sumard. fyrsti).	Starfsumsóknir, atvinnuviðtal, fyrirtækjaheimsóknir	
29. apríl-3. Maí (Fri 1. maí).	Heimsóknir í stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki	Greinagerð um heimsóknir
6.-8. maí	Matsvinna, samantekt og skrap.	

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugasvið og gildi	Verkefni um gildi 5% og áhugasvið 10%.	15%
Áhugasvið og Starfaheimurinn	Verkefni um upplýsingaveit um nám og störf.	15%
Stefnan sett	Verkefni um nám að lokinni grunnmenntabréu.	10%
Starfaheimurinn	Verkefni um starf.	20%
Starfaheimurinn	Verkefni um staðalmyndir.	10%
Starfsumsóknir	Æfing í að sækja um starf	10%
Kynning á starfsvettvangi	Greinagerð um heimsókn / kynningar	10%
	Pátttaka, mæting og virkni	10%

Samtals 100 %

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2024

Bjarney Sif Ægisdóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson.